



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. febrúar 2024.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra o.fl.), þskj. 1033, 691. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að skrifstofan styður þá leið sem lögð er til í 32. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til nýtt ákvæði 156. gr. a, þ.e. að ákæru megi birta fyrir ákærða í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda og teljist hún þá réttilega birt *þegar ákærði hafi staðfest móttöku þennar*.

Ljóst er að ef það dygði til að ákæra teljist birt þegar hún er komin í pósthólf viðkomandi, er hætt við að réttindi viðkvæmra einstaklinga, s.s. heimilislausra, fólks með fíknisjúkdóma eða andlegar skerðingar og fólks af erlendum uppruna verði fyrir borð borin. Ef einstaklingi er ekki kunnugt um að gefin hafi verið út ákæra á hendur honum, hefur hann ekki möguleika á taka til varna. Skiptir þá engu þó ákæran hafi verið aðgengileg, rétturinn til að taka til varna verður ekki nýttur nema einstaklingurinn viti af ákærinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri